

Fundargerð

Höfundur: Egill Þórarinsson
16. maí 2023
Tilvísun: 202305015 / 2.8.2

Efni: Forsamráð vegna Sundabrautar

Mætt: Ragnhildur Gunnarsdóttir, Baldvin Einarsson og Aron Geir Eggertsson frá EFLU verkfræðistofu.
Helga Jóna Jónasdóttir, Guðmundur Valur Guðmundsson og Bryndís Friðriksdóttir frá Vegagerðinni.
Ragnheiður Sigvaldadóttir, Haraldur Sigurðsson, Bjarni Rúnar Ingvarsson, Grétar Mar Hreggviðsson, og Þórólfur Jónsson frá Reykjavíkurborg.
Egill Þórarinsson, Guðrún Lára Sveinsdóttir og Sigríður Björk Jónsdóttir frá Skipulagsstofnun

Dagskrá:

Kynning á áformum framkvæmdaraðila

- Fulltrúi EFLU kynnti framkvæmdina og áformað umhverfismat. Farið var yfir forsögu verkefnisins, valkosti, fyrirliggjandi rannsóknir og frekari rannsóknir sem ráðast þarf í.
- Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins benti á vandamál í tengslum við aflagðan urðunarstað í Gufunesi. Fara þurfi í umfangsmiklar rannsóknir yfir mörg ár áður en hægt er að rjúfa urðunarstaðinn. Takmörkuð þekking sé á málefnum hérlandis og því gæti þurft að leita ráðgjafar utan landssteinana. Fulltrúi EFLU benti á að urðunarstaðurinn sé undir fargi í dag og að til greina komi að leggja Sundabraut yfir hauginn án þess að hann verði rofinn. Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins benti á að það skapi líka hættu.
- Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins vakti máls á mögulegum hávaða vegna hábrúar yfir Kleppsvík en svæði í nágrenni við höfnina séu þegar undir álagi vegna hávaða.

Staða skipulagsmála

- Breyting á aðalskipulagi í undirbúningi. Gert er ráð fyrir Sundabraut í aðalskipulagi og víða í deiliskipulagi. Það er þó þörf á að gera breytingar vegna legu Sundabrautar en helsta breytingin á aðalskipulagi er við Kleppsvík.

Sameining skýrslugerðar og kynningar samkvæmt skipulagslöggjöf sbr. 9. gr. laga nr. 111/2021

- Gert er ráð fyrir að sameina kynningar vegna aðalskipulagsbreytinga og umhverfismats. Reykjavíkurborg benti á að líklega sjá meiri áherslu á tiltekna þætti í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar. Borgin stefnir á að senda drög að skipulagslýsingu til Skipulagsstofnunar áður en stofnunin fer yfir matsáætlun.

- Gert er ráð fyrir frekara samtali á milli Reykjavíkurborgar, framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar um samhæfingu kynningar og tímasetningar.

Tímaáætlun

- Gert er ráð fyrir að skila inn matsáætlun í sumar og umhverfismatskýrslu snemma árs 2024.

Næstu skref

- Skipulagsstofnun, framkvæmdaraðili og skipulagsyfirvöld funda þegar nær dregur skilum á matsáætlun.

Fundi slitið.